



Skilmálar um verðbréfalán til aðalmiðlara

Fyrirgreiðsla Seðlabanka Íslands til aðalmiðlara ríkisverðbréfa

1. Verðbréf til láns

Hæf lánsbréf eru allir flokkar ríkisverðbréfa.

Lánalínur miðast við heildarstöðu útistandandi verðbréfaláns í hverjum flokki, á hverjum tíma til hvers aðalmiðlara. Hámarkslán til hvers aðalmiðlara í ríkisbréfaflokkum RIKB 08 1212 og RIKB 09 0612 er 7 ma.kr. að nafnverði. Hámarkslán í öðrum flokkum er 5 ma.kr. að nafnverði. Lánsfjárhæð í hverjum flokki þarf að hlaupa á heilum milljónum að nafnverði.

2. Takmarkanir á ótryggðum verðbréfum til tryggingar á lánsbréfum

Hver aðalmiðlari getur að hámarki verið með 7 ma.kr. að nafnverði sem tryggingu í ótryggðum verðbréfum vegna verðbréfalána. Seðlabankinn áskilur sér rétt til þess að breyta hámarkinu hjá hverjum aðalmiðlara ef nafnverð ótryggðra verðbréfa sem hann er með í tryggingu viku mjög frá markaðsverðinu. Seðlabankinn samþykkir þó ekki að jafnaði hærri tryggingar í ótryggðum bréfum en 7 ma.kr. að markaðsverði.

Hver aðalmiðlari má að hámarki setja ótryggð verðbréf frá einstökum útgefanda fyrir 5 ma.kr. að nafnverði. Seðlabankinn áskilur sér rétt til þess að breyta hámarkinu hjá hverjum aðalmiðlara ef nafnverð ótryggðra verðbréfa sem hann er með í tryggingu viku mjög frá markaðsverðinu. Seðlabankinn samþykkir þó ekki að jafnaði hærri tryggingar í ótryggðum bréfum frá einstökum útgefanda en 5 ma.kr. að markaðsverði.

Sé aðalmiðlari með hærri tryggingastöðu í ótryggðum verðbréfum en 7 ma.kr. við gildistöku þessara skilmála þarf hann að lækka stöðuna fyrir 12. desember 2008 svo staðan verði þá að hámarki 7 ma.kr. sbr. 1. mgr. Aðalmiðlari með hærri en 14 ma.kr. tryggingastöðu í ótryggðum verðbréfum við gildistöku þessara skilmála skal lækka stöðuna um 7 ma.kr. fyrir 12. desember 2008 og niður að hámarki 7 ma.kr., sbr. 1. mgr., eigi síðar en 12. júní 2009.

3. Þóknun

Þóknun tekur mið af stýrivöxtum Seðlabanka Íslands, sem eru settir fram sem nafnvextir. Seðlabanki Íslands afhendir lánsbréf þar sem forvextir eru reiknaðir út frá 0,10% álagi ofan á stýrivexti hans og fær verðbréf til tryggingar þar sem forvextir eru reiknaðir út frá 0,10% frádragi af stýrivöxtunum. Samtals þóknun er því 0,20% á ári.

4. Afgreiðslugjald

Tekið er 10.000 kr. afgreiðslugjald af hverjum samningi.

5. Gildistaka og breytingar

Skilmálar þessir gilda frá og með 26. sept 2008. Seðlabanki Íslands áskilur sér rétt til breytinga. Slíkar breytingar verða birtar í fréttakerfi OMX Nordic Exchange á Íslandi og á heimasíðu Seðlabanka Íslands undir Lánamál ríkisins.

Reykjavík, 25. sept 2008
Lánamál ríkisins
Alþjóða- og markaðssvið,
Seðlabanka Íslands